

A 1888/kultur

Flytjandi	Norræna þekkingar- og menningarnefndin
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

**Nefndartillaga
Meiri Norðurlönd í skólanum****Tillaga**

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að efla kennslu í grannmálum í skólum, svo sem kennslu í skandinavískum málum sem stuðningsmálum og erlendum tungumálum, í samræmi við það sem segir í Yfirlýsingunni um málstefnu Norðurlanda.

Til skýringar

Samfara aukinni alþjóðavæðingu er hætt við því að norræn samkennd tapi gildi sínu, einkum í hugum yngri kynslóðarinnar. Norræn ungmenni velja sér æftar ensku sem sameiginlegt tungumál. Um leið lifum við og hrærumst í heimi þar sem er ef til vill mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr að skilja aðra og geta gert sig skiljanlegan. Við þurfum að auka þekkingu og áhuga á Norðurlöndum.

Norrænn tungumálaskilningur er eitt af lykilatriðunum fyrir hreyfanleika og samþættingu á Norðurlöndum. Í formennskuáætlun Danmerkur er vakin athygli á norrænum tungumálaskilningi sem einu af áherslusviðum ársins. Alls staðar á Norðurlöndum stunda börn og ungmenni nám í skandinavísku málunum, ýmist sem móðurmáli eða erlendu máli. Til að skapa hagnýtan tungumálaskilning þurfa skólarnir þó að gera meira: tungumálanám öðlast ekki raunverulegt vægi fyrr en það er sett í lifandi samhengi. Þess vegna þurfum við að auka sýnileika Norðurlanda í skólunum.

Tungumál er ekki aðeins grundvöllur samskipta, heldur gegnir það einnig mikilvægu hlutverki í öflun þekkingar á menningu, bókmenntum og sögu. Þekkingu á grannmálum innan Norðurlanda hefur hrakað og tungumálaörðugleikar milli landanna aukist. Afleiðingin er að fleiri nota ensku sem samskiptamál, jafnvel þótt báðir aðilar hafi skandinavískt tungumál að móðurmáli.

Málsamfélagið gegnir mikilvægu hlutverki í norrænu samstarfi, ekki síst á skandinavíska málsvæðinu. Markmiðið verður að vera að nemendur auki þekkingu sína á öðrum norrænum tungumálum, kynnist þannig menningunni betur og öðlist



hlutdeild í bókmenntunum, en umfram allt að þeir auki möguleika sína til að flytja milli landanna.

Með kennslu í skólum má hvetja nemendur til að kynna sér norræn tungumál og menningu. Það er hægt að gera með því að nýta norrænar kvikmyndir, tónlist og menningu í auknum mæli við kennslu. Námsráðgjafar geta upplýst nemendur um möguleika á að stunda nám og vinnu á Norðurlöndum.

Í skýrslu Norrænu ráðherra nefndarinnar *Er sameiginlegur málskilningur á Norðurlöndum?*² voru 2000 ungmenni á aldrinum 16–25 ára af öllum Norðurlöndum spurð um tungumálaþekkingu sína og afstöðu til tungumála og menningar. Skýrslan sýnir að gríðarlegur munur er á því milli landa og málsvæða hve vel ungmennin telja sig skilja skandinavísku málin. Á Norðurlöndunum öllum telja 62 prósent að auðvelt sé að skilja norsku og sænsku en aðeins 26 prósent segja það sama um dönsku. Einkum í Finnlandi, á Íslandi og Grænlandi eru tiltölulega margir ósammála því að auðvelt sé að skilja eitt eða fleiri af skandinavísku málunum. Nánast öll ungmenni á Norðurlöndum segja að auðvelt sé að skilja ensku. Um leið eru tveir af hverjum þremur sammála því að skilningur á skandinavískum tungumálum gegni mikilvægu hlutverki fyrir norræna samkennd.

Í skýrslunni er einnig bent á að Norræna ráðherra nefndin standi að Nordplus, norræn-baltnesku styrkjaáætluninni fyrir hreyfanleika, Volt, menningar- og tungumálaáætlun fyrir ungmenni, Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðnum og fleiri menningaráætlunum sem allar stuðli að því að fyrst og fremst ungt fólk komist í snertingu við og kynnist norrænum tungumálum og menningu. Um leið getur Norræna ráðherra nefndin lítið gert til að sporna gegn hnattrænum meginstraumum, svo sem þeirri staðreynd að norræn ungmenni velja frekar að stunda nám í öðrum löndum en hinum norrænu, aukinni enskunotkun á samfélagsmiðlum og í dægurmenningu, eða ensku sem kennslumáli í háskólum.

Eitt markmiðanna í *Yfirlýsingunni um málstefnu Norðurlanda*², sem norrænu menntamálaráðherrarnir samþykktu árið 2006, er „að allir Norðurlandabúar geti fyrst og fremst átt samskipti hver við annan á skandinavísku máli“. Til að ná þessu markmiði þarf að „efla kennslu í grannmálunum í skólum og jafnframt að efla kennslu í skandinavískum málum sem stuðningsmálum og erlendum tungumálum“.

Í tímaritinu *Språk i Norden 2015*³, þar sem þemað er Norræna tungumálayfirlýsingin, segir Lis Madsen, deildarforseti kennslufræða við starfsmenntunarskólann í Kaupmannahöfn, að til þess að auka þekkingu ungmenna á nágrannamálunum þurfi að byrja í skólunum. Til að það geti tekist þarf þrennt til, að sögn Madsen: pólitískan

¹ [Eiga Norðurlöndin með sér sameiginlegt málsamfélag?](#)

² [Yfirlýsing um norræna málstefnu](#)

³ <https://tidsskrift.dk/sin/issue/view/3333>



vilja til að forgangsraða kennslu í nágrannamálum í stefnumótandi skjölum, forgangsroðun og stuðning skólastjórnenda og færniþróun meðal kennara.

Hvað varðar færniþróun kennara og kennaranema í kennslu grannmálanna kemur Norræna ráðherranefndin að fjármögnun ýmissa verkefna sem stuðla að slíkri þróun: Nordkurs – sumarnámskeið á háskólastigi í tungumálum, bókmenntum og menningu Norðurlanda; Norrænu perlurnar, Hanaholmen, Voksenåsen, Schaeffergården og Lysebu ásamt Norræna lýðháskólannum á Biskops Arnö bjóða kennaranemum alls staðar á Norðurlöndum upp á sameiginleg námskeið; Nordiska språkpiloter – endurmenntun í kennslufræði grannmála; Nordiska språkambassadörer – Nordplus-verkefni sem gerir kennaranemum kleift að fara í skiptinám

Sjónarmið nefndarinnar

Ályktun Norðurlandaráðs æskunnar, Meiri Norðurlönd í skólanum, veitti þekkingar- og menningarnefndinni innblástur til að taka saman þessa nefndartillögu. Nefndin bendir á að Norræna ráðherranefndin stuðli að því, meðal annars með þátttöku sinni í fjármögnun námskeiða, að kennarar og kennaranemar öðlist aukna þekkingu á aðferðum til að kenna grannmálin í skólum, en að námskeiðin hafi þó takmarkaða skírskotun og nái aðeins til takmarkaðs fjölda á ári hverju.

Nefndin telur að skólarnir hafi mikið um það að segja hvort börn og ungmenni í dag öðlast aukna þekkingu á norrænu tungumálunum, þar með töldum minnihlutatungumálum og -menningu, og læra að skilja skandinavísku málin. Ennfremur telur nefndin að slík þekking ráði úrslitum um það hvort Framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar 2030, um að Norðurlönd verði samþættasta og sjálfbærasta svæði í heimi, verði að veruleika. Það er mat nefndarinnar að þau námskeið sem Norræna ráðherranefndin fjármagnar dugi ekki til að snúa við þeirri þróun sem gerð er grein fyrir í fyrirbyggjandi rannsóknum og sem sýnir að málskilningi milli norrænu ríkjanna fari aftur (sjá yfirlit í *Er sameiginlegur málskilningur á Norðurlöndum?*, bls. 8–9). Einnig bendir nefndin á að ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir hefur skorið fjárveitingar til norræna tungumálasamstarfsins niður um rúm 20 prósent fyrir árið 2022, til þess að auka í staðinn framlög til Framtíðarsýnar Norrænu ráðherranefndarinnar 2030 og framkvæmdaáætlunarinnar fyrir hana.

Það er mat nefndarinnar að snúa megi þessari þróun við með því að gera þekkingu á tungumálum og menningu Norðurlanda hærra undir höfði í skólum. Eigi það að verða að veruleika þarf pólitískan vilja til að kveða skýrt á um það í stefnumótandi skjölum skóla og kennaranámsbrauta. Fyrst þá geta Norðurlönd komist ofar á forgangslista skólastjórnenda og kennara. Skólarnir eru helsti staðurinn þar sem hvetja má börn og ungmenni til þess að læra meira um Norðurlönd og áræða að sækja um nám eða vinnu í öðru norrænu landi, sem myndi stuðla að því að Framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar 2030 yrði að veruleika. Þetta er einnig nauðsynlegt til þess að ná því markmiði *Yfirlýsingarinnar um málstefnu Norðurlanda* „að allir Norðurlandabúar geti fyrst og fremst átt samskipti hver við annan á skandinavísku máli“.



Norðurlöndum 7. september 2021

Angelika Bengtsson (SD)

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mífl)

Camilla Gunell (ÅSD)

Daniel Riazat (V)

Edmund Joensen (sb)

Heidi Viljanen (sd),

Henrik Møller (S)

Jorodd Asphjell (A)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Lars Mejern Larsson (S)

Marianne Synnes Emblesvåg (H)

Mikko Kinnunen (cent)

Norunn Tveiten Benestad (H)

Riikka Purra (saf)